

Nd. **348. Frumvarp til laga** [188. mál]

um breyting á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. l. nr. 21/1969 og 50/1971.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson, Svava Jakobsdóttir, Gylfi Þ. Gíslason, Ólafur G. Einarsson, Ellert B. Schram.

1. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verði 4. gr. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal ráðherra veita leyfi til að veiða neyzlufisk í botnvörpu eða dragnót í Faxaflóa, sem hér segir:

Veiði er einungis heimil á tímabilinu 1. marz til 31. nóv. ár hvert og einungis innan svæðis, sem takmarkast af eftirtöldum línum:

Línu dreginni úr punkti 64°05' n. br. og 22°21' v. lg. í punkt 64°13' n. br. og 22°06' v. lg. Þaðan í punkt 64°25' n. br. og 22°30' v. lg. Úr honum í réttvísandi vestur að mörkum þeim, sem ákveðin eru í 3. gr. (64°25' n. br. 23°22' v. lg.). Línu, sem dregin er úr punkti 64°05' n. br. og 22°21' v. lg. í punkt á 64°18' n. br. og 22°33' v. lg. og þaðan í réttvísandi vestur að mörkum þeim, sem ákveðin eru í 3. gr. (64°18' n. br. og 23°13' v. lg.).

Það hafsvæði, sem er austan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Hellnanes, skal alfriðað fyrir öllum veiðum. Bátar, sem leyfi fá, skulu ekki vera stærri en 75 brúttórumlestir, og skal fjöldi þeirra vera þessi:

- a. 9 vélbátar úr Reykjavík.
- b. 1 vélbátur úr Hafnarfirði.
- c. 1 vélbátur úr Keflavík.
- d. 1 vélbátur úr Sandgerði.
- e. 1 vélbátur frá Akranesi.

Afla þessara báta skal landað á viðkomandi stöðum til sérstakra dreifistöðva, sem eru undir sameiginlegri stjórn samtaka fiskisala og borgar- eða bæjaryfirvalda.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um dreifistöðvar og meðferð afgangsfisks.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við innanverðan Faxaflóa býr meira en helmingur þjóðarinnar. Að undanfögnu hafa orðið miklar umræður meðal þessa fólks vegna hins mikla skorts á neyzlufiski, sem hefur þó löngum verið aðaluppistaðan í matarneyzlu landsmanna. Ýmsar tillögur hafa komið fram um lausn þessa vanda að undangengnum holla-
leggingum um ástæður hans.

Flm. þessa frv. virðist þó ekki, að komið hafi verið inn á meginástæðu þessa vanda, en hana telja flm. vera hina einstrengingslegu lokun hefðbundinna fiskimiða fyrir hagnýtum veiðarfærum, sem sjómenn af framangreindu svæði og norðanverðum Suðurnesjum hafa nýtt um langan aldur. Á Alþingi veturinn 1970—'71 kom fram frv. þess efnis, að öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu skyldi bönnuð í Faxaflóa, án undantekningar, innan línu, sem dregin væri frá punkti 6 sjómíli í réttvísandi vestur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif. Var frv. þetta samþykkt sem lög frá Alþingi 3. apríl 1971.

Töldu ýmsir, einkum þeir fiskimenn og útgerðarmenn, sem urðu fyrir stórfelldu fjárhagstjóni vegna þessara laga, að með samþykkt þeirra væri jafnvel svikið það samkomulag, sem gert hafði verið 1969 um nokkra skiptingu fiskveiðilögsögunnar til nýtingar skipa af breytilegum stærðum og með mismunandi gerðir veiðarfæra. Þá töldu þeir enn fremur, að miklum blekkingum hafi verið beitt í áróðrinum fyrir máli þessu, og reyndu m. a. á þeim grundvelli að fá fram nauðsynlegar leiðréttingar, svo að leggja mætti frekari grundvöll að reglum um hagkvæma og sanngjarna nýtingu þess hluta fiskveiðilögsögunnar sem til Faxaflóa telst.

Í grg. áðurnefnds frv., sem samþykkt var á Alþingi í apríl 1971, var því haldið fram, að tog- og dragnótaveiðibátar í Faxaflóa öfluðu svo mikillar smáýsu, að við borð lægi algjör eyðing ýsustofnsins við landið. Var í grg. m. a. stuðzt við athugun, sem Útvegsmannafélag Akraness kvaðst hafa látið fara fram um þetta efni og talin var sanna þetta atriði. Þetta er að sjálfsögðu ekki eina fullyrðingin, sem opinberlega hefur birzt og gengið í þessa átt. En þessi fullyrðing skapaði almennar

umræður um málið, og t. d. í tillögum og grg. hinna „bannfærðu“ fiskimanna komu fram veigamikil rök, sem voru í algerrri mótsögn við áður nefndar fullyrðingar.

Margir urðu til þess að benda á þá mjög almennu skoðun bæði vísindamanna og sjómanna, að ýsuafli og þorskafla ráðist meira af náttúrlegum orsökum, t. d. hvernig klak fisktegundanna heppnast vegna líffræðilegra skilyrða í hafinu, heldur en því, hvort tiltölulega fáum skipum sé heimiluð veiði á takmörkuðum svæðum, sem eru uppeldisstöðvar fiskstofna og göngufiskur fer um, skipum, sem vitað er að afla aðeins lítils prósentuhluta af þeirri mergð, sem allur árstofninn nemur. Vegna þessarar staðreyndar voru vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar andvígir lokun Faxaflóa árið 1971.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, vilja flm. stuðla að því, að nokkuð sé komið á móti sanngjörnum óskum þeirra fiskimanna, sem hafa stundað slíkar veiðar í Faxaflóa um langt árabíl og urðu fyrir tilfinnanlegu efnahagslegu tjóni við setningu laganna í apríl 1971. Þeir telja þó, að fulla gát beri að hafa í Faxaflóa sem annars staðar á hvers konar ofveiði, drápi seiða og smáfisks, ef hjá því má komast. En hættan á slíku er ekki síður fyrir hendi víða annars staðar hér við land. Ef bannið í Faxaflóa er enn talið jafnnauðsynlegt og talið var kosningavorið 1971, er ekki síður brýnt að loka nú þegar ýmsum öðrum flóum og fjörðum fyrir öllum botnveiðarfærum.

Flutningsmenn telja, að allt eftirlit sé bezt komið annars vegar hjá Hafrannsóknastofnuninni, vísindamönnum okkar, og hins vegar hjá Fiskifélagi Íslands og trúnaðarmönnum þess. En það gætir hagsmuna útgerðarmanna og sjómanna alls staðar á landinu, sem telja sér hagkvæmt að vinna með hinum ýmsu veiðarfærum eftir því, hvað hentar á breytilegum veiðisvæðum, mismunandi árstíma, gerðum og aldri þeirra báta, sem veiðarnar stunda.

Flutningsmenn vilja enn fremur stuðla að því, að aðalþéttbýlisvæði landsins sé tryggður nýr neyzlufiskur meginhluta ársins og hann sé til frystur á svæðinu sjálfu þann fjórðung ársins, sem þessar veiðar yrðu ekki leyfðar. Er enginn vafi á, að allur almenningur mundi meta að verðleikum að geta fengið þetta holla nýmeti — fiskinn — eins og aðrir landsmenn við sjávarsíðuna og á sambærilegu verði.

Til þess að öruggt sé, að innlendir neytendur njóti fyrst og fremst afla þessara báta, eru ákvæði í frv. þess efnis, að honum sé landað hjá sérstökum dreifistöðvum í viðkomandi sveitarfélögum og séu þær undir stjórn samtaka fisksala og viðkomandi sveitarfélaga.

Þótt aðeins 40% af því svæði, sem lagt er til að verði opnað, sé nýtilegt fyrir botnvörpuveiðar, er lagt til, að allt svæðið austan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Hellnanes, verði alfríðað fyrir öllum veiðarfærum, enda mikið uppeldisvæði smáfisks.

Nánar í framsögu.

